

Hönnun skipa HÖSK2SS05 Námsáætlun Haust 2023

Kennari	Gunnar Möller	Sk.st.	GMG
----------------	---------------	---------------	-----

Áfangalýsing

Í þessum áfanga er fjallað um skipið og einstaka hluta þess, m.a með tilliti til nafngifta og þeirra hlutverka sem einstök stoðkerfi um borð í skipum gegna. Nemendur kynnst teikningum af fyrirkomulagi skipa, af dæmigerðu geymafyrirkomulagi, teikningum af brunaniðurhólfun og kerfisteikningum af vélbúnaði og rafbúnaði skipa. Veita á nemendum almenna undirstöðuþekkingu um gerð, fyrirkomulag og búnað skipa með tilliti til þess hlutverks sem þeim er ætlað að gegna, um hönnun þeirra með tilliti til styrks, flothæfni, farsviðs og ytri umhverfisþátta og um helstu stoðkerfi þeirra með tilliti til vélbúnaðar og raforku. Æskilegt er að hluti kennslunnar fari fram um borð í skipi þar sem nemendur kynna sér fyrirkomulag þess og búnað. Stöðugleiki og reikningur

Markmið:

Þekkingarviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- helstu tegundir skipa og hlutverk þeirra, helstu hugtökum og nafngiftum varðandi einstaka skipshluta og búnaði skipa
- þeim umhverfispáttum sem ráða álagi á bol og þilför skipa og hafa áhrif á styrk þeirra
- burðargetu skipa, særými og þá krafta sem virka á bol skipa
- áhrifum vinds og öldu á skip, mótvægisáðgerðir og helstu hættum
- mótsstöðu skipa í sjó og olíunotkun.
- hvernig haga skuli vali á vélar- og skrúfustærð til að skip nái tilteknum ganghraða
- áhrifum aukinnar hleðslu skips og djúpristu á álag og styrk bols
- niðurráðgjafar skipa og reglum sem um það gilda
- stýrisbúnaði skipa og reglum sem gilda um neyðar-stýrisbúnað
- reglum sem gilda um austurkerfi skipa, sjó-, bruna-, slökkvi- og kælikerfi skipa
- grunnþáttum og grundvallarhugtökum skipahönnunar
- særými, hleðslu og stöðugleika skipa
- þáttum sem ráða siglingamótstöðu skipa og hvernig sú mótstaða er háð hraða skipsins

Leikniviðmið.

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að.

- draga upp stöðugleikaferil
- starfa um borð í skipi og taka ákvarðanir varðandi öryggismál
- meta aflþörf skips og gerðar skrúfubúnaðar á grundvelli mótstöðuferils til að ná tilteknum ganghraða
- meta eldsneytisnotkun við mismunandi ganghraða á grundvelli upplýsinga um mótstöðuferil skips
- meta stöðuleika skipa og geta lagt til aðgerðir til að leiðrétta stöðuleika
- reikna gróflaga út áhrif óhefts yfirborðs vökva og áhrif þess á stöðugleika skipa

Hæfniviðmið.

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- útskýra lög og reglur um skráningu skipa og merkingar á skipum til auðkenningar
- útskýra öryggisbúnað skipa, virkni hans og notkun
- útskýra lög og reglur sem gilda um eftirlit með skipum, um siglingarvið Samgöngustofu, viðurkenndra skoðunarstöðva, flokkunarfélaga, faggiltra skoðunaraðila með búnaði skipa og um þau skírteini sem gefin eru út til að skip megi vera í förum
- útskýra helstu hugtök stöðugleikans.
- útskýra hvaða þættir hafa áhrif á legu stöðugleikaferils og þau skilyrði sem þurfa að vera til staðar til að skip teljist öruggt.

Námsgögn:

Allt námsefni er rafrænt og aðgengilegt án endurgjalds á Moodle.

Hönnun skipa HÖSK2SS05 Námsáætlun Haust 2023




Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttu:

Vika	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatspáttu
33	Kynning á áfanganum og skipulagi vetrarins		
Lota 1 Vika 34-36	Skilgreiningar og hlutar skips. Byggingarlag línu-teikning. Aðalmál og hönnurmál. Þungatönn og lögmál Arkimedesar. Eiginþyngd, burðargeta og farmgeta.	Moodleverkefni 1-2 Skriflegt verkefni 1. Kaflapróf 1	10% 5% 10%
Lota 2 Vika 37-39	Flokkun skipa, flokkunarfélög. Skipsskrokkurinn, byggingarlag, vatnspétt rými, Skipsgerðir.	Moodleverkefni 3-4	10%
Lota 3 Vika 40-42	Stýrið og stýrisvélin. Skutpípur og stýrisstammar Mótstaða og skrófa	Moodleverkefni 5-6 Kaflapróf 2	10% 10%
Lota 4 Vika 43-45	Brunavarnir og slökkvikerfi Lensikerfi, austurskiljur. Helstu rafkerfi,	Moodleverkefni 7-8 Kaflapróf 3	10% 10%
Lota 5 Vika 45-49	Særými og hleðsla Grunn stöðugleikaútreikningur. Tilfærsla þunga. Upprifjun og vinnubók	Skrifleg verkefni 2-3 Annarpróf Skil á vinnubók	10% 15% 10%
			*ATH: Samtalan úr þessum dálki er 110% þar sem aðeins 6 bestu Moodleverkefni gilda til einkunnar.

Námsmat og vægi námsmatspáttu:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Heimaverkefni Skrifleg	Þrjú skrifleg verkefni, 5% hvert	15%	
Heimaverkefni rafræn	Sex til átta Moodleverkefni (sex bestu gilda) 5% hvert	30%	
Tímapróf skrifleg	Þrjú kaflapróf á önninni, skrifleg, 10% hvert	30%	
Annarpróf	Annarpróf úr öllu efni áfangans 15%	15%	
Vinnubók	Vinnubók	10%	
		Samtals: 100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			

Dagsetning: 13 ágúst 2023


Undirritun kennara

14.09.2023

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

HÖTE2PH05

Námsáætlun

Haustönn 2023

Kennari	Borghildur Ina Sölvadóttir :: borghildur.i.solvadottir@vma.is	Sk.st.	BÍN
----------------	--	---------------	-----

Áfangalýsing:

Í áfanganum verður farið yfir grunnatriði þrjóns og heklis. Fjallað verður um helstu vefjarefni sem notuð eru við framleiðslu á garni og áhöld sem notuð eru til þrjóns og heklis. Auk þess læra nemendur að lesa uppskriftir á íslensku og ensku og hvernig gengið er frá þrjónuðum og hekluduðum stykkjum og þau fullkláruð.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- grunnatriðum í hekli og þrjóni
- lita- og framleiðslunúmerum garns og mismunandi vefjarefnum sem notuð eru við þrjón og hekl
- þeim áhöldum sem notuð eru við þrjón og hekl
- hinum ýmsu aðferðum sem notaðar eru við þrjón og hekl
- hvar hægt er að nálgast uppskriftir og kennslumyndbönd á veraldarvefnum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- lesa og fara eftir þrjóna- og hekluppskriftum, bæði á íslensku og ensku
- hekla loftlykkju, keðjulykkju, fastapinna og stuðla
- nota a.m.k. tvær aðferðir við uppfít
- þrjóna slétta og brugðna lykkju, fella af, lykkja og sauma saman stykki
- ganga frá endum í hekluduðum og þrjónuðum verkum
- nota kennslumyndbönd á veraldarvefnum
- vanda vinnubrögð og allan frágang á verkefnum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- nýta sér upplýsingatækni við vinnu í hekli og þrjóni
- nýta vinnuleiðbeiningar í máli og myndum og lesa úr þeim
- tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð og vanda alla þætti ferilsins

Námsgögn:

Uppskriftir og verkefnalýsingar fyrir prufuvinnu. Uppskriftablöð, bækur og ítarefni frá kennara. Ef nemendur eiga þrjóna, heklunálar ofl. áhöld sem geta nýst þeim í áfanganum eru þeir hvattir til að koma með þau í tímana. Garn í prufur fá nemendur á staðnum en efni og áhöld í valverkefni verða þeir sjálfir að útvega.

Áætlun um yfirferð og verkefni: Nemendur vinna grunnprufur með aðferðum hefðbundins þrjóns og heklis og þrjóna sokkarar og hekla hosur. Í áfanganum vinna nemendur einnig þrjóna- og heklstykki sem valin eru í samráði við kennara.

Verkefnalýsingar og gögn frá kennara verða aðgengileg á ClassNotebook síðu áfanga.

HÖTE2PH05

Námsáætlun

Haustönn 2023



Í vikum 45-49 vinna nemendur valverkefni, eitt prjónað og eitt heklað. Í viku 42 þurfa nemendur að fylla út verkefnasamning í samráði við kennara og ákveða vægi þessara verkefnanna út frá umfangi þeirra en þau gilda 35% samanlagt. [Verkefnasamningin skal skilað fyrir 18. október](#)

Tímabil (vikunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vikur 33-39	Grunnprufur í prjóni (3 stk) og hekli (3 stk) Frágangsprufa fyrir prjón og hekl Ensk prjóna- og heklprufa	Sjálfstæð vinna við verkefni lotunnar	10 prufur gilda samanlagt 35% Prufum skal skilað 29. sept
Vikur 40-44	Sokkarprjónað Hosur heklaðar	Sjálfstæð vinna við verkefni lotunnar	Sokkar gilda 15% Hosur gilda 15% Verkefnum skal skilað 3. nóv
Vikur 45-49	Valverkefni í prjóni og hekli. Nemendur velja sér verkefni í samráði við kennara.	Sjálfstæð vinna við verkefni lotunnar	Stykki gilda samanlagt 35% (nemendur ákveða í samráði við kennara vægi hvors stykkis fyrir sig út frá umfangi þeirra) Verkefnasamningi skal skila fyrir 18. okt Verkefnum skal skila í lok annar

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Prjón og hekl – prufur (10 stk)	Grunn- og frágangsprufur í prjóni og hekli. Prjón- og heklprufur unnar eftir enskri uppskrift.	35%	
Sokkar	Prjónað sokkar.	15%	
Hosur	Heklaðar hosur.	15%	
Valverkefni	Nemendur velja eitt verkefni til að prjóna og eitt verkefni til að hekla.	35%	
		Samtals: 100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar. Annað: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma, þá lækkar einkunn um 0,2 næstu fimm virku daga (samanlagt 1 heilan). Eftir það eru skil ekki heimil. Skiladagsetningar verða birtar á Innu.			

Opið hús á listnámsbraut: 7. desember milli 19:30 og 21.

Dagsetning: 15.08.2023

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Borghildur Ína Sölvadóttir :: borghildur.i.solvadottir@vma.is	Sk.st.	BÍN
----------------	--	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum lærir nemandinn enn frekar um menningarlegt gildi vefnaðar fyrr og nú og mikilvægi lita- og efnisvals í hönnun fyrir vefnað. Hann kynnist hinum ýmsu bókmenntum, blöðum og forritum fyrir vefnað og hönnun á efnum. Nemandinn hannar og vefur sinn eigin nytjahlut/hluti. Áhersla er lögð á að nemandinn auki þekkingu sína og skilning á frumbindingunum þrem. Nemandinn byrjar að tileinka sér gildi mismunandi uppistöðu og ívafs í mismunandi vefnaðaraðferðum. Lögð er áhersla á að hann tileinki sér útreikninga og vinni bindifræðimunstur fyrir vefnað með hjálp bindifræðiforrits og auki þannig þekkingu sína og skilning á bindifræði.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vinnuumhverfi, vinnutækjum í vefstofu, áhöldum og efnisnotkun í vefnaði, meðferð og mikilvægi þeirra
- útreikningum og uppsetningu á vef í vefstól frá rakningu í slöngu til og með uppbindingu skafta og skammela
- frumbindingunum þrem; einskeftu, vaðmáli og ormeldúk, og notkunarmöguleikum þeirra og sérkennum t.d. í inndráttarmunstrum og uppbindimunstrum
- kaflaskiptum og samsettum bindimunstrum, notkunarmöguleikum þeirra og sérkennum
- því fagtingumáli og þeim hugtökum sem notuð eru í vefnaði og meðferð vefjarefna

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- nota rétta líkamsbeitingu við uppsetningu á vef og við vinnu í vefstólum
- skipuleggja verkferli í vefnaði frá útreikningum til og með uppbindingu á sköftum og skammelum með ábyrgum og sjálfstæðum hætti
- beita af öryggi mismunandi aðferðum í vefnaði
- velja viðeigandi leið með tilliti til verkefna hverju sinni á skapandi hátt
- nota bindifræðiforrit
- halda vinnuöppu á sjálfstæðan og skapandi hátt

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- rökstyðja samfélagslegt, menningarlegt, fagurfræðilegt og efnahagslegt gildi á hand- og verksmiðjuvefnaði m.t.t. tækniþróunar sem hefur átt sér stað og viðhalds og varðveislu handverkshefðar og listrænnar nálgunar
- þróa hugmyndir í bindifræði og vefnaði og sýna áræðni við útfærslu þeirra og túlkun
- nýta ímyndunarafli, innsæi, frumkvæði og skapandi nálgun í verkefna- og efnisvali í vefnaði og bindifræði
- greina færni sína í uppsetningu á vef og gerð bindimunstra og nýta sér það undir leiðsögn
- greina, tjá sig um og meta eigin verk og annarra af þekkingu, víðsýni og umburðarlyndi
- meta verkunnáttu og hæfni sína í vefnaði og bindifræði og koma auga á hagnýtingu menntunar sinnar
- taka þátt í uppbyggilegri og frjórri samræðu um verk sín og annarra, ígrunda og rökstyðja mál sitt
- geta fjallað um og tjáð sig á skýran, ábyrgan og gagnrýnninn hátt um eigin verkferla við uppsetningu bæði munnlega og skriflega
- taka þátt í samvinnu í vefstofunni með sameiginlegt markmið hópsins að leiðarljósi

Námsgögn: Listin að vefa eftir Ragnheiði Björk Þórsdóttur. Welcome to Weaving (1 og 2) eftir Lindsey Campbell. Fagbækur um vefnað, textíl og myndlist auk efnis af heimasíðum ýmissa listamanna. Vefnaðartímarit og vefnaðarforritið WeavePoint. [Verkefnalýsingar og gögn frá kennara verða aðgengileg á ClassNotebook síðu áfanga.](#)

HÖTE3VE05

Námsáætlun

Haustönn 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Verkefni áfangans verða unninn jafnt og þétt yfir önnina en athygli er vakin á lotuskilum um miðja önn.

Bindifræði: Nemendur vinna verkefni til upprifjunar á grunnatriðum bindifræði.

Uppsetning: Nemendur setja upp vef í vefstól og ramma í samræmi við þau verkefni sem þeir vinna.

Nytjahlutur: Nemendur vefa efni sem þeir hanna sjálfir. Efnið skal ofið með vaðmálsbindingu og verða nytjahlutur t.d. trefill eða barnateppi. Stykkið skal að lágmarki vera 30 x 200 cm eða 70 x 100 cm. Nemendur skulu vinna góða hugmynda- og þróunarvinnu auk lita-, efnis- og áferðatilrauna fyrir stykkið sitt. Nemendur skulu skila nytjahlutum fullfrágengnum.

Myndverk: Nemendur vefa myndverk út frá eigin hugmynd sem er að lágmarki 30 x 30 cm að stærð. Nemendur skulu vinna góða hugmynda- og þróunarvinnu auk lita-, efnis- og áferðatilrauna fyrir verkið sitt. Nemendur skulu skila myndverkinu sínu fullfrágengnu.

Prufur: Nemendur gera ýmsar tilraunir til að kynnast fjölbreyttum aðferðum og áferðum sem mismunandi vefnaðartækni býður uppá.

Vinumappa: Meðfram allri vinnu sinni í áfanganum skulu nemendur halda utan um gögnin sín og safna þeim í möppu. Þetta á við um alla skissu- og hugmyndavinnu, verkefni í bindifræði, heimaverkefni, uppskriftir, tilraunir og prufur.

Heimaverkefni: Lögð verða fyrir heimaverkefni þar sem fjallað er um listamenn, hönnuði og vefnað sem nemendur skulu undirbúa heima en vinna í kennslustundum.

Tímabil (vikunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Vægi námsmatsþátta
Vikur 34-42	Vinna við myndverk - Hugmyndavinna - Stykki ofið - Frágangur	<u>Skiladagur 19. október</u> Gildir 25%
	Heimaverkefni og upprifjun í bindifræði	<u>Skiladagur 19. október</u> Gildir 20%
	Prufur ofnar	<u>Skilað í síðustu kennsluviku.</u> Allar vefnaðarprufur gilda 10%
	Vinna við nytjahlut - Hugmyndavinna - vinna við uppsetningu	
Vikur 43-49	Vinna við nytjahlut - vinna við uppsetningu - stykki ofið - Frágangur	<u>Skilað í síðustu kennsluviku.</u> Gildir 35%
	Prufur ofnar	<u>Skilað í síðustu kennsluviku.</u> Allar vefnaðarprufur gilda 10%
Öll önnin	Meðfram allri vinnu sinni í áfanganum skulu nemendur halda utan um gögnin sín og safna þeim í möppu. Þetta á við um alla skissu- og hugmyndavinnu, verkefni í bindifræði, heimaverkefni, uppskriftir, tilraunir og prufur.	<u>Vinumöppu skal skilað í síðustu kennsluviku.</u> Gildir 10%

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 3 af 3

HÖTE3VE05

Námsáætlun

Haustönn 2023



Námsmat og vægi námsmatspáttar:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatspættir	Lýsing námsmatspáttar	Vægi	
Nytjahlutur	Nytjahlutur sem er að lágmarki 30 x 200 cm eða 70 x 100 cm	35%	
Myndverk	Myndofið stykki sem er að lágmarki 30 x 30 cm	25%	
Prufur	Tilraunir með ólíka vefnaðartækni	10%	
Heimaverkefni	Verkefni um listamenn, hönnuðir og vefnað + verkefni í bindifræði	20%	
Vinumappa	Safn gagna sem sýnir heildar ferli áfangans	10%	
		Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatspátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Nemendum ber að skila öllum verkefnum sem sett eru fyrir. Skilafrestur rennur út á miðnætti á skiladegi nema að annað sé tekið fram. Skilafrestur verður ekki framlengdur. Sé verkefni ekki skilað jafngildir það 0 í einkunn nema fullgildar ástæður séu fyrir hendi að mati kennara. Nái nemandi ekki að skila á réttum tíma lækkar einkunn um 0,2 næstu fimm virku daga (samanlagt 1 heilan). Eftir það eru skil ekki heimil. **Skiladagsetningar verða birtar á Innu.**

Opið hús á listnámsbraut: 7. desember milli 19:30 og 21.

Dagsetning: 15.08.2023

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 1 af 2


Verkmenntaskólinn á Akureyri



Námsáætlun Haustönn 2023 HPEM1GB02A

Námsáætlun er birt með fyrirvara um breytingar, kennari getur breytt námsmat þáttum áfangans ef námsáætlun breytist.

Dags	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi matshluta %
21.8	Námsáætlun og námsefni kynnt. Kynning á nemendum og kennara. Aðstöðu og áhalda kynning.		
28.8	LAB - 111 PMP Overlap Wrapping Permanentspólur settar í renning(kennt á renning, endapappir, staðsetning, gráður og spólustærðir).		
04.9	Hárþvottur (farið yfir móttöku viðskiptavinar, þvottabrautir, sjampó og blástur á eftir).	Smitvarnir og öryggisatr. 6.3	
11.9	LAB - 111 PMP Overlap Wrapping Permanentspólur settar í renning		
18.9	Hárþvottur og djúpnæring.	Æfum handtökin og vinnum á hvort öðru. Blástur	
25.9	Yfirferð á verklýsingum. Efna kynning, samskipti við viðskiptavin	Verklýsingar	
02.10	Labið - 111 PMP Reformation Curl Permantspólur settar í renning - verklýsing	Verklýsing af upprúlli	
09.10	Perm.upprúll á renning Permanent upprúll 1 Verklýsing (mæta með fyrirfram)	Námsmat 1 Verklýsing (mæta með fyrirfram)	25%
16.10	Labið - 111.07 Rectangle Perm Pattern Workshop Perm upprúll 1 hálf æfingarhöfuð	Verklýsing	
23.10	VETRARFRÍ		
30.10	Labið - 111.08 Contour Perm Pattern Workshop. Upprúll hálfur haus	Verklýsing	
6.11	Labið - 111.08 Contour Perm Pattern Workshop.	Verklýsing	
13.11	Permanent hálfur haus. Verklýsing (mæta með fyrirfram)	Námsmat 2	25%
20.11	Hárþvottur		
27.11	Upprúll 1 æfingarhöfuð allt höfuðið	Verklýsing	
4.12	Perm (val), upprúll + verklýsing, heil Skil á verkþáttum annarinnar - PEM. Verklýsingaskil 3 stk.	Lokamat (námsmat 3) Vekefnaskil	35% 15%



Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 1 af 2

Verkmenntaskólinn á Akureyri



Námsáætlun Haustönn 2023 HPEM1GB02A

Kennari	Hildur Salína Ævarsdóttir	Sk.st.	HSÆ
	Viðtalstími: Eftir samkomulagi		

Áfangalýsing:

Nemandi kynnist grunnatriðum permanentis og fær þjálfun í að gera skiptingar og rúlla upp nokkrum gerðum upprúlls. Farið er í smitvarnir og öryggisatriði. Kennnd eru grunnatriði hárfvottar og næringarnudds. Einnig eru nemendum kynntar verklýsingar fyrir permanent og þeir fá grunnþjálfun í gerð þeirra og að fara eftir þeim. Notast er við æfingahöfuð við verklega þjálfun.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

Grunnskiptingum fyrir permanentupprúll, mismunandi spólustærðum og gerðum

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

Gera grunnskiptingar fyrir upprúll, gera upprúll á heilst höfuð og búa til verklýsingar fyrir permanent.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

Halda á greiðu á sama tíma og rúllað er upp, nota endapappír rétt, ná jafnri spennu frá rót að enda og taka skiptingar í samræmi við spólustærð og fyrirhugaða útkomu.

Námsgögn:

Permanentspólur, pinnagreiða, vatnsbrúsi, endapappír klífs, hárblásari, Texture A designer's approach 2010. LAB onelíne system

Boðið er upp á endurtöku eins prófs sem nemandi hefur misst af í þessum áfanga. Fyrir þarf að liggja vottuð ástæða þess að ekki var hægt að taka prófið þann dag sem það var lagt fyrir. Ef veikindi hindra vinnslu matsþátta, þarf að skila inn vottaðri ástæðu til kennara. Önnur forföll sem hindra vinnslu matsþátta þurfa að vera tilkynnt fyrirfram og samþykkt hjá kennara til að eiga rétt á endurtöku. Leyfilegt er að taka upp einn matsþátt í samráði við kennara.

Námsmat:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> X Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Hlutapróf 1	Perm. upprúll á renning (upprúll 1) + verklýsing 5%	25%	
Hlutapróf 2	Permanent hálfur haus (upprúll 1) + verklýsing 5%	25%	
Hlutapróf 3	Perm (val), upprúll + verklýsing, heill haus.	35%	
Verkefnaskil	Perm. Skil á verklýsingamöppu 3 mismunandi verklýsingar.	15%	
	Samtals:	100%	

Dagsetning: 15 ágúst 2023


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengill

Nr.: GAT-045

Útgáfa: 11

Dags.:27.11.2019

Höfundur: Áfangastjórar

Samþykkt: Skólameistari

Síða 1 af 3

HPEM2FB02D & HBLÁB01A

VORÖNN 2023



Verkenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Hildur Salína Ævarsdóttir hildur.s.aevarsdottir@vma.is Viðtalslími eftir samkomulagi	Sk.st. HSÆ
----------------	--	----------------------

Dags	Verkefni: Verklegt/bóklegt	Heimavinna	Vægi
23.8	Upprúll á æfingarhöfði. Perm. undirbúningur fyrir módel.		
30.8	Permanent módel, blásturs MÓDEL (sama módelið). Verklýsing. STUTT HÁR Hópur 1 Blástur á æfingarhöfði sítt hár. Hópur 2	Læra að greina hár og setja í það permanent og blása hár viðskiptavina. Til að auka færni og hraða nemanda í að blása hár.	
6.9	Permanent módel, blásturs MÓDEL (sama módelið). Verklýsing. STUTT HÁR Hópur 1 Blástur á æfingarhöfði sítt hár. Hópur 2	Læra að greina hár og setja í það permanent og blása hár viðskiptavina. Til að auka færni og hraða nemanda í að blása hár.	
13.9	Upprúll á æfingarhöfði-stutt hár. Blástur á MÓDELI – stutt hár Hlutapróf 1 20% Blástur	Hlutapróf 1 20% Blástur	20%
20.9	Blástursæfingar. 2 Módel og æfingarhöfuð. Frjálst val		
27.9	HerraMÓDEL , permanent, klipping og verklýsing . Blásturæfingar á síðu hári.	Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti og blæstri á viðskiptavinum.	
4.10	Hlutapróf 2 . Permanent MÓDELI í stutt hár. Verklýsing. HÓPUR 1 HÓPUR 2 Blástur á síðu hári, má vera MÓDEL	Hlutapróf 2 Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti í stutt hár.	20%
11.10	Hlutapróf 2 . Permanent MÓDELI í stutt hár. Verklýsing. HÓPUR 2 HÓPUR 1 Blástur á síðu hári, má vera MÓDEL	Hlutapróf 2 Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti í stutt hár.	20%
18.10	Blástur handtök og færni æfð. 107.20 Press and curl workshop		
25.10	Hlutapróf 3 . Blástur á MÓDELI í sítt hár. Upprúll á síðu hári, æfingarhöfuð. Verklýsing .	Hlutapróf 3 Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti á síðu hári og blæstri á stuttu hári.	20%
1.11	Permanent módel axlasítt hár. Verklýsing. Hópur 1 Permanentupprúll á æfingarhöfði sítt hár og verklýsingar . Blástur á æfingarhöfði – sítt hár Hópur 2	Læra að greina hár og setja permanent í sítt hár. Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti og blæstri á stuttu hári	
8.11	Permanent módel axlasítt hár. Verklýsing. Hópur 2 Permanentupprúll á æfingarhöfði sítt hár og verklýsingar . Blástur á æfingarhöfði – sítt hár. Hópur 1	Læra að greina hár og setja permanent í sítt hár. Til að auka færni og hraða nemanda í upprúlli á permanenti og blæstri á stuttu hári.	
15.11	Stofudagur . Skil á amk 3 mismunandi blástrum í amk 2 MÓDEL	SKILAVERKEFNI 1	10%
22.11	Námsmatsdagur		
29.11	Hlutapróf 4 . Permanent í stutt hár amk 80% MÓDEL Tilbúin verklýsing. ALLIR	Hlutapróf 4 Til að auka færni og hraða nemanda í að blása hár.	20%
6.12	Skilaverkefni 2 . Skil á verklýsingamöppu.		10%

HPEM2FB02D & HBLÁB01A VORÖNN 2023



Áfangalýsing:

HPEM2FB02D HBLÁ2FB01A	Permanent og blástur.
<p>Nemandi fær þjálfun og öðlast leikni í hönnun og ísetningu á permanenti miðað við fyrirhugaða útkomu. Kennd er greining hárs og meðferð ýmissa tegunda af permanentefnum og sléttunarefnum. Unnið er áfram með verklýsingar. Verkefnin eru unnin á æfingarhöfði og módelum.</p> <p>Í áfanganum öðlast nemandinn leikni og færni í að blása ýmsar síddir af hári á mismunandi vegu og í ólík form á æfingarhöfðum dömu og herra og á módelum. Notast er við ýmsar gerðir bursta og hitajárna í ólíkar síddir af hári. Unnið með form- og bylgjublástur herra á æfingarhöfðum.</p>	

HPEM2FB02D:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- útfærslu permanents samkvæmt verklýsingu og óskum viðskiptavina.
- ýmsum gerðum permanent- og sléttiefna sem unnið er með.
- að taka tillit til líffræðilegra þátta við hönnun meðferðar.
- vali á spólugerð með hliðsjón af útkomu.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- gera verklýsingar og spjaldskrár.
- framkvæma mismunandi upprúll fyrir permanent með tilliti til útkomu.
- setja permanent og sléttun í ýmsar síddir af hári með ólíkum aðferðum.
- greina hár og velja viðeigandi efni.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- ráðleggja viðskiptavini um val og meðhöndlun á permanenti eða varanlegri sléttun.
- greina ástand hárs og velja viðeigandi efni.
- meðhöndla hárið á viðeigandi hátt fyrir og eftir meðferð.
- ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

HBLÁ2FB01A:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- vali og notkun mótunarefna.
- þeim hitajárnum sem í notkun eru.
- mismunandi tækni við dömu og herrablástur.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- blása stífan rúllublástur í fyrirfram ákveðið form.
- framkvæma blástur eftir óskum viðskiptavinar.
- velja mótunarefni sem hæfir hárgerð viðskiptavinar.
- blása form og bylgjublástur.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

HPEM2FB02D & HBLÁB01A VORÖNN 2023



- framkvæma dömublástur eftir óskum móðels/viðskiptavinar.
- ráðleggja viðskiptavini um val á blæstri við hæfi.
- blása hár móðels/viðskiptavinar á viðeigandi hátt.
- velja mótunarefni við hæfi.
- blása/forma herra í mismunandi form.
- ganga vel um vinnusvæði, gæta öryggis og hreinlætis.

Námstögn:

Texture Designer's approach. Pivot Point 2013

LAB online system

Verklýsingablöð, svunta, hanskar.

Námsmat og vægi námsþátta:

Matshlutar	Lýsing matshluta	Vægi
HBLÁFB01A+ HPEM2FB02D		
Hlutapróf 1	Blástur á móðeli stutt hár	20%
Hlutapróf 2	Permanent á móðeli stutt hár	20%
Hlutapróf 3	Blástur á móðeli sítt hár	20%
Hlutapróf 4	Permanent á móðeli stutt hár	20%
Skilaverkefni 1	STOFUDAGUR	10%
Skilaverkefni 2	Skil á verklýsingamöppu með myndum af blásturs móðelum fyrir og eftirmynd og perm móðelum fyrir og eftirmynd 2 stk af hvoru. Skiladagur 6.12 Hver mynd í möppu gildir 25%	10%
	Samtals:	100%

Úrlausnum og sundurliðuðum einkunnum verður skilað í Innu á því formi sem best hentar.

Boðið er uppá endurtöku eins prófs sem nemandi hefur misst af í þessum áfanga. Fyrir þarf að liggja vottuð ástæða þess að ekki var hægt að taka prófið þann dag sem það var lagt fyrir. Ef um veikindi er að ræða þarf vottorði að hafa verið skilað á skrifstofu vegna þeirra. Aðrar ástæður þarf að tilkynna og samþykkja hjá kennara áfangans.

Komi nemandi ekki með móðel sem uppfyllir skilyrði verkefnisins þá jafngildir það fjarveru úr tíma.

Dags: _____

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Ásgeir Vilhelm Bragason asgeir.bragason@vma.is	Sk.st.	ÁVB
----------------	---	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir virkni ýmissa hreyfla. Hvernig hreyflar eru flokkaðir. Farið er yfir heiti og hlutverk íhluta. Áhersla lögð á blokk, hedd, stimpla, sveifarás og knastás. Farið yfir vinnureglu ýmissa hreyfla, tímafærslubúnað, ventlatíma. Farið yfir legur og þéttingar. Áhersla á rétta notkun verkfæra, mælitækja og tækniupplýsinga við viðgerðir hreyfla. Einnig farið yfir mikilvægi hreinlætis í vinnu við

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: Helstu íhlutum og grunnvirkni ýmissa gerða hreyfla, Vinnureglu og byggingarlagi hreyfla Tímafærslubúnaði, Kælikerfi Smurkerfi.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: Útskýra virkni hreyfla Nefna íhluti og hlutverk þeirra, Taka í sundur / setja saman hreyfil samkvæmt upplýsingum framleiðanda, Nota viðeigandi verkfæri og mælitæki

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: Nota viðeigandi verkfæri og mælitæki, Taka í sundur, mæla og setja saman hreyfil, Nota viðeigandi tækniupplýsingar

Námsgögn:

Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology.

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Persónuhlífar Skylda er að nota persónuvarnir eftir fyrirmælum kennara, öryggisskór eru skylda á verkstæðisgólfi. Í vinnu við vélarhluta og þegar blástursspíss er notaður er skylt að nota hlífðarhanska og öryggisgleraugu.

Nemendur yfirgefa ekki vinnusvæði fyrir en öll verkfæri eru komin á sinn stað, og gengið hefur verið frá tækjum, búnaði og vinnusvæði þrifið. Skipaðir verða umsjónaraðilar hvern dag sem sjá um að allir nemendur gangi frá og þrifi eftir sig

Mætingar eru skv mætingarreglum skólans.

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan
Lota 2	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan
Lota 3	Efni á Moodle og frá kennara. Modern Automotive Technology	Verklegar æfingar, heimsóknir á vinnustaði og skýrslugerð.	Sjá að neðan


Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat		<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta		Vægi	
Skýrslur	Verkefni gilda.		20%	
Verklegar æfingar	Verklegar æfingar úr völdu efni.		50%	
Ástundun og þátttaka	Mat kennara á virkni og þátttöku nema		10%	
	Vinnuskýrsla um verklegar æfingar		20%	
	Samtals:		100%	

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Í lotunámi er gerð krafa um 100% mætingu. Nemandi sem er veikur skal tilkynna veikindi samdægurs.

Dagsetning: 20. sept 2023


Undirritun kennara


Undirritun bráutarsj., fagstj. eða staðgengils

Ípróttir með áherslu á
almenna hreyfingu
(HREY1AG01Z)
Námsáætlun (Haustönn,
2023)



Verkenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Ásdís Sigurvinsdóttir Björn Benedikt Björnsson	Sk.st.	ÁSD, BBB
----------------	---	---------------	-------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er leitast við að hvetja nemandann til heilbrigðari lífshátta. Lögð verður áhersla á fjölbreytta líkamsþjálfun þar sem unnið er markvisst að því að nemandi finni hreyfingu við sitt hæfi út frá getu og áhuga. Unnið er að því að nemendur öðlist færni í að stunda eigin þjálfun auk þess sem farið er í grunnatriði réttar líkamsbeitingar. Þá eru sköpuð tækifæri til að spreyta sig á fjölbreyttum aðferðum til þol-, styrktar- og liðleikþjálfunar.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi upphitunar, úthalds- styrktar- og liðleikþjálfunar
- leiðum til að nýta líkams- og heilsurækt í daglegum athöfnum
- æfingum sem bæta líkamsstöðu
- fjölbreyttum aðferðum til heilsuræktar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- auka úthald sitt, styrk og liðleika með fjölbreyttum aðferðum sem henta hverjum og einum
- stunda æfingar og hreyfingu sem stuðlar að bættri líkamsbeitingu
- stunda þjálfun og hreyfingu sem hefur áhrif á jákvæða upplifun og viðhorf til líkams- og heilsuræktar
- nota samvinnu til að stuðla að tillitssemi og hvatningu
- nota heilsulæsi til að efla og viðhalda góðri andlegri og líkamlegri heilsu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- styrkja jákvæða sjálfmynd með þátttöku í almennri heilsurækt, leikjum og útiveru
- skilja gildi samvinnu í leik og keppni
- sýna öðrum virðingu við leik, nám og störf
- glíma við fjölbreytt verkefni sem snúa að alhliða hreyfingu, líkams- og heilsurækt.
- nýta nánasta umhverfi sitt og náttúru til heilsuræktar
- nýta sér undirstöðuatriði líkamsbeitingar í þjálfun

Námsgögn:

Engin kennslubók er í áfanganum. Nemendur eiga að mæta með ípróttaföt þegar við erum inni í verklegri kennslu í M11. ATH! Bannað er að vera á útiskóm þegar við erum inni í M11.

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 2

Ípróttir með áherslu á
almenna hreyfingu
(HREY1AG01Z)
Námsáætlun (Haustönn,
2023)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Vika 34-35/ Lota 1	Útíþjálfun, gönguferðir og frísbý golf		
Vika 36-42/ Lota 2	Inni hreyfing í M11 Grunnþjálfun: Þol, liðleiki og styrkur		Bifröst V-42 Virgni og ástundun 1 20% Jákvæðni og áhugi 1 18%
Vika 43-46/ Lota 3	Stöðvaþjálfun, leikir og slökun		
Vika 47-50 /Lota 4	Leikir, styrkur, jóga/ slökun		

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virgni og ástundun 1	Mæting, þátttaka og iðni	20%	
Virgni og ástundun 2	Mæting, þátttaka og iðni	20%	
Samvinna, tillitsemi	Hvernig nemendur ná að vinna með samnemendum og kennara	16%	
Jákvæðni/áhugi 1	Áhugahvöt, gerir eins vel í tímum eins og hann getur og fylgir leiðbeiningum frá kennara.	18%	
Jákvæðni/ áhugi 2	Áhugahvöt, gerir eins vel í tímum eins og hann getur og fylgir leiðbeiningum frá kennara	18%	
Frágangur	Ganga frá tækjum og tólum eftir ípróttatíma	8%	
		Samtals:	100%

Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.

Annað: Námsmat fer fram jafnt og þétt yfir önnina

Birt með fyrirvara um breytingar.

4/9
Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Áfangaheiti HREY1JÓ01

Námsáætlun Haustönn 2023



Verkmenntaskólinn á Akureyri

Kennari	Hólmfríður Jóhannsdóttir	Sk.st.	HÓL
----------------	---------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er megináhersla lögð á að nemendur fái tilfinningu fyrir áhrifum hreyfingar á líðan sína, andlega og líkamlega. Farið er í gegnum æfingar sem þjálfa upp styrk, jafnvægi, stöðugleika og liðleika. Í jóga eru hreyfingar gerðar í takt við eigin öndunarflæði. Áhersla er lögð á að hver og einn geti tekið þátt í æfingunum á sínum forsendum. Í lok hvers tíma er farið í gegnum æfingar sem róa hugann og endað í slökun. Mikið er lagt upp úr líkamsvitund, einbeitingu og slökun hugans.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi flæðis öndunar í hreyfingum og stöðum
- hvaða álagsstig hentar best til bætingar á líkamsástandi
- æskilegum aðferðum til þjálfunar líkamans
- mikilvægi slökunar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- einbeita sér að æfingum tímans og útiloka önnur verkefni sem bíða dagsins
- fylgja eftir einföldum jógaæfingum í tíma út frá eigin getu
- tengja saman öndun og hreyfingu í eðlilegt flæði
- stunda líkams- og heilsurækt
- stuðla að bættri líkamsbeitingu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- draga úr streitu við krefjandi aðstæður með öndunartækni
- tileinka sér rétta æfingatækni og líkamsbeitingu við jógaþjálfun
- stunda reglulega, fjölbreytta hreyfingu eftir áhuga
- stunda líkamsrækt í nánasta umhverfi og úti í náttúrunni

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Vægi námsmatsþátta
Vika 34	Kynning á áfanganum - mat á eigin ástandi og hugleiðingar um önnina.	
Vika 34-35	Líkamsæfingar, grunnkennsla stöður (Asana) í Hatha jóga og slökun	
Vika 36- 39	Líkamsæfingar, sólarhylling, öndunartækni og slökun	
Vika 40	Jógaæfingar gerðar eftir áætlun frá kennara	10%
Vika 41	Myndband með jógaæfingum / Líkamsæfingar	
Vika 42	Bifröst	
Vika 43 - 45	Líkamsæfingar og slökun	

Áfangaheiti HREY1JÓ01 Námsáætlun Haustönn 2023



Vika 46	Nemendur gera einfaldan tímaseðil með jóga æfingum (bóklegt)	10%
Vika 47	Gera æfingar af tímaseðli	
Vika 48	Gera æfingar af tímaseðli	10%
Vika 49	Slökun og spjall um jóga heimspekina og ávinning af önninni	

Námsgögn: Gögn frá kennara. Mætið í þægilegum leikfímifatnaði.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: Símat Lokapróf/valið lokapróf Lokaverkefni

Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Verkefni bóklegt	Gera tímaseðil með jógaæfingum	10%
Tímaverkefni verklegt	Sýna og kynna æfingar af tímaseðli	10%
Jógaæfingar	Jógaæfingar skv. áætlun frá kennara	10%
Vinnusemi	Virkni nemenda Vika 33 – 42	20%
Vinnusemi	Virkni nemenda Vika 42 - 49	20%
Áhugahvöt	Nemandi sýni áhuga og framtak	30%
Samtals:		100%

Annað: Símatáfangi. Alla önnina er nemandinn metinn af þessum námsþáttum. Er hann jákvæður og duglegur að prófa nýjar stöður og leggur sig allan fram þrátt fyrir að ná ekki fullkominni stöðu. Er hann virkur, sýnir hann áhuga, tekur hann þátt í æfingunum eins vel og hann getur eða ekki?

Dagsetning: 17.8.23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstjóra staðgengils

HREY1GV01S

Námsáætlun Haustönn 2023



Kennari	Harpa Friðriksdóttir	Sk.st.	HFR
	Kristján Bergmann Tómasson		KBT

Áfangalýsing:

Í áfanganum fær nemandinn leiðsögn við að framkvæma æfingar sem styrkja líkamann. Nemandinn kynnist teygjuæfingum, göngu, æfingum í vatni, stöðvapjálfun o.fl.. Lögð er áhersla á að nemandinn finni æfingar við sitt hæfi, njóti þess að stunda æfingar og finni fyrir jákvæðum áhrifum á heilsu sína.

Markmið:

Pekkingarviðmið

Nemendi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi þess að stunda æfingar
- að vellíðan getur fylgt æfingum
- að hægt er að njóta æfinga

Leikniviðmið

Nemandi skal öðlast leikni í:

- gera einfaldar teygjuæfingar
- ganga sér til heilsubótar
- gera æfingar í stöðvapjálfun

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- taka þátt í æfingum sem henta eða benda á hvaða æfingar henta honum
- nýta sér ýmis tilboð á sviði hreyfingar s.s. sund, gönguferðir og stöðvapjálfun
- stunda æfingar í vatni

Námsgögn:

Nemendur mæti með íþróttafatnað og skófatnað sem hentar hverjum tíma í verklegri kennslu.

Stuðst er við smáforrit og efni af netinu. Námsgögn verða geymd á kennsluvefnum Innu.

HREY1GV01S

Námsáætlun Haustönn 2023



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatspáttá:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinnna/verkefni	Vægi námsmatspáttá
Vika 33	Kynning/stöðvabjálfun		
Vika 34	Æfingaáætlun		
Vika 35	Æfingaáætlun/útipjálfun		
Vika 36	Þol, styrkur, liðleiki /útipjálfun		
Vika 37	Þol, styrkur, liðleiki /útipjálfun		
Vika 38	Þol, styrkur, liðleiki /útipjálfun		
Vika 39	Líkamskönnun 1		10%
Vika 40	Líkamskönnun 1 /stöðvabjálfun		
Vika 41	Æfingaáætlun fyrri skil Stöðvabjálfun		10%
Vika 42	Þátttaka og virkni fyrri hluti Samvinna, tillitsemi, hvatning fyrri hluti Jákvæðni/áhugi fyrri hluti Stöðvabjálfun Bifröst		17,5% 7,5% 5%
Vika 43	Haustfrí		
Vika 44	Stöðvabjálfun		
Vika 45	Stöðvabjálfun		
Vika 46	Líkamskönnun 2		10%
Vika 47	Stöðvabjálfun - Æfingaáætlun lokaskil		10%
Vika 48	Frí – lokaverkefnisdagur		
Vika 49	Uppsóp og skemmtun Þátttaka og virkni seinni hluti Samvinna, tillitsemi, hvatning fyrri hluti Jákvæðni/áhugi fyrri hluti		17,5% 7,5% 5%

Nr.: GAT-045

Útgáfa: 11

Dags.:27.11.2019

Höfundur: Áfangastjórar

Samþykkt: Skólameistari

Síða 3 af 3

HREY1GV01S

Námsáætlun Haustönn 2023



Verkefnaskólinn á Akureyri

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Þátttaka og virkni	Þátttaka, frumkvæði, sjálfstæði og iðni (skipt í fyrri og síðari hluta annar við bifrost)	35%	
Samvinna, tillitsemi og hvatning	Hvernig nemendur ná að vinna með hver öðrum og aðstoða aðra. Hvetji og taki tillit til mismikillar reynslu nemenda af ípróttunum. (skipt í fyrri og síðari hluta annar við bifrost)	15%	
Jákvæðni/áhugi	Áhugahvöt og fylgja leiðbeiningum (skipt í fyrri og síðari hluta annar við bifrost)	10%	
Líkamskannanir	Líkamskannanir (x2)	20%	
Æfingaáætlun	Æfingaáætlun sem nemandi vinnur jafnt og þétt yfir önnina	20%	
	Samtals:	100%	
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 18.08.23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Íþróttir með áherslu á útiíþróttir (HREY1ÍÚ01Z) Námsáætlun (haustönn, 2023)



Kennari	Arnór Bliki Hallmundsson Hafdís Björg Bjarnadóttir	Sk.st.	ABH HBB
----------------	---	---------------	------------

Áfangalýsing:

Áfanginn miðar að því að kynna hinar ýmsu útiíþróttir fyrir nemendum, má þar sem dæmi nefna golf, blak, fótbolta, körfubolta, hjólabretti, skauta, gönguskíði, hjólréiðar og klettaklifur. Ávallt er leitast við að vinna með getu og áhugasvið nemenda.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi tegundum útiíþróttar og þess búnaðar sem þarf

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- stunda íþróttir utandyra, hvort heldur einn eða í félagskap með öðrum

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- njóta almennrar útivistar með íþróttatengdu ívafi

Námsgögn:

Enginn námsgögn

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.:27.11.2019
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 2

Íþróttir með áherslu á útiþróttir (HREY1ÍÚ01Z) Námsáætlun (haustönn, 2023)



Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil (vikunúmer/lotunúmer)	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Heimavinna/verkefni	Vægi námsmatsþátta
Lota 1 / Vika 34 - 37	Gönguferðir	Útbúnaður fyrir gönguferðir	30%
Lota 2 / Vika 38 - 42	Golf og sund	Hentugur búnaður	30%
Lota 3 / Vika 43 - 48	Sleðaferðir og skautar	Hentugur búnaður	30%
5. des / vika 49	Yfirlit og upprifjun	Farið yfir önnina í máli og myndum	10%

Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virgni og ástundun	Tekur þátt í viðfangsefnum og sýnir áhuga	40%	
Vettvangsferðir	Til dæmis gengið ma. Nærumhverfi skólans auk lengri ferða t.d Fálkafell – sund, skautar, golf o.s.frv.	40%	
Smá verkefni	Smá verkefni og stuttar innlagnir frá kennurum	20%	
		Samtals:	Staðið/Fallið
Einkunnir fyrir hvern námsmatsþátt eru birtar í INNU á því formi sem best hentar.			
Annað: Viðfangsefni tímanna geta verið lengri eða farið á öðrum tímum en stundatafla segir til um og í þeim tilvikum getur kennsla fallið niður á móti.			

Áætlun er með öllum fyrirvara um verðurfarslega aðstæður

Dagsetning: 28. sept 2023

Undirritun kennara
Hafalis Bj. Bjarnadóttir

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils
Brjndis Inga S.

Áfangaheiti HREY1JÓ01

Námsáætlun Haustönn 2023



Kennari	Hólmfríður Jóhannsdóttir	Sk.st.	HÓL
----------------	---------------------------------	---------------	------------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er megináhersla lögð á að nemendur fái tilfinningu fyrir áhrifum hreyfingar á líðan sína, andlega og líkamlega. Farið er í gegnum æfingar sem þjálfa upp styrk, jafnvægi, stöðugleika og liðleika. Í jóga eru hreyfingar gerðar í takt við eigin öndunarflæði. Áhersla er lögð á að hver og einn geti tekið þátt í æfingunum á sínum forsendum. Í lok hvers tíma er farið í gegnum æfingar sem róa hugann og endað í slökun. Mikið er lagt upp úr líkamsvitund, einbeitingu og slökun hugans.

Markmið:

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi flæðis öndunar í hreyfingum og stöðum
- hvaða álagsstig hentar best til bætingar á líkamsástandi
- æskilegum aðferðum til þjálfunar líkamans
- mikilvægi slökunar

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- einbeita sér að æfingum tímans og útiloka önnur verkefni sem biða dagsins
- fylgja eftir einföldum jógaæfingum í tíma út frá eigin getu
- tengja saman öndun og hreyfingu í eðlilegt flæði
- stunda líkams- og heilsurækt
- stuðla að bættri líkamsbeitingu

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- draga úr streitu við krefjandi aðstæður með öndunartækni
- tileinka sér rétta æfingatækni og líkamsbeitingu við jógaþjálfun
- stunda reglulega, fjölbreytta hreyfingu eftir áhuga
- stunda líkamsrækt í nánasta umhverfi og úti í náttúrunni

Áætlun um yfirferð og fyrirlögn námsmatsþátta:

Tímabil	Námsefni (verklegt og bóklegt)	Vægi námsmatsþátta
Vika 34	Kynning á áfanganum - mat á eigin ástandi og hugleiðingar um önnina.	
Vika 34-35	Líkamsæfingar, grunnkennsla stöður (Asana) í Hatha jóga og slökun	
Vika 36- 39	Líkamsæfingar, sólarhylling, öndunartækni og slökun	
Vika 40	Jógaæfingar gerðar eftir áætlun frá kennara	10%
Vika 41	Myndband með jógaæfingum / Líkamsæfingar	
Vika 42	Bifröst	
Vika 43 - 45	Líkamsæfingar og slökun	

Áfangaheiti HREY1JÓ01 Námsáætlun Haustönn 2023



Vika 46	Nemendur gera einfaldan tímaseðil með jóga æfingum (bóklegt)	10%
Vika 47	Gera æfingar af tímaseðli	
Vika 48	Gera æfingar af tímaseðli	10%
Vika 49	Slökun og spjall um jóga heimspekina og ávinning af önninni	

Námsgögn: Gögn frá kennara. Mætið í þægilegum leikfímifatnaði.


Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: Símat Lokapróf/valið lokapróf Lokaverkefni

Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþáttar	Vægi
Verkefni bóklegt	Gera tímaseðil með jógaæfingum	10%
Tímaverkefni verklegt	Sýna og kynna æfingar af tímaseðli	10%
Jógaæfingar	Jógaæfingar skv. áætlun frá kennara	10%
Vinnusemi	Virkni nemenda Vika 33 – 42	20%
Vinnusemi	Virkni nemenda Vika 42 - 49	20%
Áhugahvöt	Nemandi sýni áhuga og framtak	30%
Samtals:		100%

Annað: Símatáfangi. Alla önnina er nemandinn metinn af þessum námsþáttum. Er hann jákvæður og duglegur að prófa nýjar stöður og leggur sig allan fram þrátt fyrir að ná ekki fullkominni stöðu. Er hann virkur, sýnir hann áhuga, tekur hann þátt í æfingunum eins vel og hann getur eða ekki?

Dagsetning: 17.8.23


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj. eða staðgengils

HREY1ÞS01Z

Námsáætlun haustönn 2023



Verkefnaskólinn á Akureyri

Kennari	Björn Benedikt Benediktsson	Sk.st.	BBB
----------------	-----------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Áfanginn miðar að því að nemendur læri undirstöðuatriði í líkamsbeytingu, kynnist fjölbreyttum æfingum og auki þol sitt, styrk og leiðleika við ýmsar æfingar á mismunandi stöðvum. Leitast verður við að æfingar hæfi getu og áhuga hvers og eins.

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mikilvægi hreyfingar fyrir líkama og sál
- styrktar og þolæfingar

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- að beita sér rétt við styrktarþjálfun og þolþjálfun
- framkvæma ýmsar þol og styrktaræfingar
- meta þol sitt og styrk

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- finna út hvaða æfingar hentar honum
- bæta þol, styrk og leiðleika
- stunda æfingar sér til heilsubótar og finna ávinning þeirra

Námsgögn:

Nemendur mæti með íþróttafatnað og skófatnað sem hentar hverjum tíma í verklegri kennslu.

Stuðst er við smáforrit og efni af netinu. Rafræn námsgögn verða geymd á kennsluvefnum Innu.

Nr.: GAT-045
Útgáfa: 11
Dags.: 01.09.2023
Höfundur: Áfangastjórar
Samþykkt: Skólameistari
Síða 2 af 2

HREY1BS01Z

Námsáætlun haustönn 2023



Námsmat og vægi námsmatsþátta:

Matsform:	<input checked="" type="checkbox"/> Símat	<input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf	<input type="checkbox"/> Lokaverkefni
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi	
Virgni og mæting	Metið er mæting, þátttaka, virgni, sjálfstæði og frumkvæði (4x15%)	60%	
Viðhorf	Metið er hvernig viðhorf og áhuga nemendur sýna, hvernig nemendur ná að vinna með öðrum og aðstoða aðra. (4x5%)	20%	
Styrktar og þolmælingar	Nemendur taka þátt í að mæla þol og styrk og skila inn niðurstöðum (2x5%)	10%	
Sjálfsmat	Nemendur meta sjálfan sig út frá námsmatsþáttum (2x10)	10%	
	Samtals:	100%	

Birt með fyrirvara um breytingar.

Dagsetning: 01.09. 2023


Undirritun kennara


Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils

Kennari	Björk Jónsdóttir, Ólafur H. Björnsson	Sk.st.	BJÖ, ÓLB
----------------	---------------------------------------	---------------	----------

Áfangalýsing:

Í áfanganum er verið að kynna útivist og hvernig hún nýtist við líkamsþjálfun. Kynnt verða fjölbreytt form útivistar eins og göngu- og hjólaferðir, skíði og fleira. Farið yfir leiðir, eðli hreyfingar og útbúnað sem er mikilvægur fyrir útivist. Í áfanganum er megináhersla lögð á að nemendur fái tilfinningu fyrir áhrifum hreyfingar á líðan sína, andlega og líkamlega. Farið er í gegnum æfingar sem þjálfar upp styrk og þol.

Markmið:

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

hversu mikilvæg góð heilsa er fyrir framtíðina

hvað reglubundin hreyfing er góð forvörn fyrir ýmsa andlega og líkamlega sjúkdóma

mikilvægi úthalds-, styrktar- og liðleikþjálfunar

æskilegum aðferðum til þjálfunar líkamans

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

